

Skipulagssvið Kópavogs,

Auður D Kristinsdóttir skipulagsstjóri

skipulag@kopavogur.is

Digranesvegur 1, 200 Kópavogur


02.03.2023

Fyrirspurn til skipulagsnefndar Kópavogs varðandi stækkun lóðar til austurs og breytingu á deiliskipulagi við Dalsmára 13.

Óskað er eftir leyfi fyrir viðbyggingu og stækkun lóðar til austurs.

Fyrirhuguð viðbygging er staðsett sunnanmegin við hús og nær 7m út fyrir lóðamörk til austurs. Fyrirhuguð viðbygging inniheldur sex padelvelli, ganga og geymslu. Viðbygging er áætluð um 1500m² og er staðsett þar sem bílastæði eru í dag. Yfirbragð viðbyggingar er létt með stórum glerflötum í takt við útlit á ásynd núverandi padelvalla. Uppbygging á þaki viðbyggingar er hugsað fyrir mögulegt leiksvæði á þaki húss.

Með fyrirspurn fylgir viðauki – kynning af tillögu.



Fh. lóðarhafa Rebekka Pétursdóttir arkitekt